

Kæri eldri nemandi!

Skólaárið 2025-2026 er hafið og er því undirbúningur fyrir haustönnina í fullum undirbúningi. Meðal annars er verið að búa til stundatöflur fyrir alla nemendur og á meðan þeirri vinnu stendur er lokað fyrir INNU. Við stefnum á að opna fyrir stundatöfluna **mánudaginn 18. ágúst** en kennsla hefst **miðvikudaginn 20. ágúst**, strax að lokinni **skólasetningu kl. 08:30**.

Um leið og opnað verður fyrir INNU þá sérðu m.a. bókalista (einnig hægt að skoða á heimasíðu, sjá hér) en mikilvægt er að nemendur komi með **námmsgögn** strax í upphafi því kennsla hefst af fullum krafti strax á fyrsta degi. Einnig er mikilvægt að nemendur **hafi aðgang að fartölvu** eða öðrum tölvubúnaði og við minnum á að nemendur geta hlaðið niður **Office pakkanum frítt** í gegnum vefsíðu skólans. Hægt verður að **leigja skápa** í anddyri skólans með því að senda tölvupóst á skrifstofa@flensborg.is. Einnig að kaupa **10 og 20 skipta matarkort** í heitan mat í mötuneytinu, 10 skipti á kr. 10.850, 20 skipti á kr. 23.700.

Töflubreytingar fara fram **19. – 20. ágúst** og fara þær fram rafrænt í gegnum INNU. Einnig geta nemendur fengið aðstoð við að laga töfluna í stofu **M207**(ATH - útskriftarefni annarinnar í M307) **miðvikudaginn 20. ágúst frá kl. 14:00 – 16:00**. Áfangastjóri mun minna á þetta þegar nær dregur en finna má **leiðbeiningar** varðandi töflubreytingar á vefsíðu skólans.

Að lokum

Eins og sjá má hér að ofan þá er ýmislegt framundan í næstu viku og því er mikilvægt að fylgjast vel með tölvupósti þínum og fréttum á vefsíðu skólans og samfélagsmiðlum. Einnig að fylgjast vel með á INNU því þar koma allar helstu upplýsingar fram um námið, heimavinnu og fleira. Einnig bið ég þig um að kynna þér líka helstu reglar skólans, m.a. almennar skólareglur og reglur um mætingu.

Hlökkum til að sjá þig!

Bestu kveðjur,

Erla Sigríður Ragnarsdóttir,

skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði